

2. Rafmagnsgjald án vsk.

Fast gjald	131.438,00 kr/ári
1. verðþrep	1,14 kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er, að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Orkubús Vestfjarða og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða. Slíkur afsláttur er háður samþykki stjórnar Landsvirkjunar í hverju tilviki.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. apríl 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 36 14. janúar 1994 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. júní 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

6. júní 1996

Nr. 319

GJALDSKRÁ**Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.****I. KAFLI****1. gr.**

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatns-magn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI**3. gr.**

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490/I494.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastgjald	12.906,00 kr/ári
Orkugjald	2,84 kr/kWh
Rúmmetragjald	20,00 kr/m ³
Rúmmetragjald á Suðureyri	15,00 kr/m ³

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla IV. um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499/I495.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12.906,00	kr/ári
Orkugjald.....	2,84	kr/kWh
Rúmmetragjald.....	20,00	kr/m ³
Rúmmetragjald á Suðureyri.....	15,00	kr/m ³

I490 vatnsmagn á Reykhólum.

Rúmmetragjald.....	93,00	kr/m ³
Fastagjald	13.294,00	kr/ári

I498 vatnsmagn á Reykhólum til sundlauga og gróðurhúsa.

Rúmmetragjald.....	31,00	kr/m ³
Fastagjald	13.294,00	kr/ári

Orka H498.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti af viðurkenndri gerð til þeirra er nota meira en 400.000 kWh/ári.

Fastagjald	13.294,00	kr/ári
Orkugjald.....	1,91	kr/kWh
Rúmmetragjald.....	13,00	kr/m ³

Hemill I489.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.

Fastagjald	23.649,00	kr/ári
Mínútlítragjald	2.501,00	kr/mán

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá Heimtaugargjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 860,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1.719,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjármámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. apríl 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 34 13. janúar 1994 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. júní 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 320

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1995.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu	3.104.422
Innheimtuþóknun önnur	2.945.287
Endurkrafinn lögtakskostnaður	11.005.042
Innheimtur vaxtakostnaður og aðrar vaxtakröfur	178.809.887
	<u>195.864.638</u>
 Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	28.920.359
Húsnæðiskostnaður	2.428.443
Annar rekstrarkostnaður	30.223.476
Vextir og verðbætur	643.439
	<u>62.215.717</u>
 Tekjur umfram gjöld	<u>133.648.921</u>